

Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

annars vegar

og

Verkstjórasamband Íslands f.h. aðildarféлага

hins vegar

gera með sér svofellt

S A M K O M U L A G

um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila

Forsendur og markmið

Markmið stöðugleikasáttmálans, sem gerður var þann 25. júní 2009 af aðilum vinnumarkaðarins og ríkisstjórnar Íslands, er auk viðreisnar efnahagslífsins meðal annars að verja undirstöður velferðarkerfisins, standa vörð um menntakerfið og verja störf eins og aðstæður frekast leyfa. Það er þó almenn sátt um að leitast við að tryggja kaupmátt lægstu launa starfsmanna ríkisins. Samkomulag þetta er gert til að ná því markmiði.

1. grein

Gildistími og endurskoðun

Gildandi kjarasamningar aðila framlengjast frá 1. júlí 2009 til 30. nóvember 2010 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og falla þá úr gildi án frekari fyrirvara.

Leiði endurskoðun á framkvæmd kjarasamninga á almennum markaði fyrir 1. nóvember 2009 til breytinga eða uppsagnar, er með samþykki aðila samnings þessa hægt að taka til skoðunar hvort forsendur séu fyrir sambærilegri endurskoðun. Afstaða til endurskoðunar skal liggja fyrir eigi síðar en 31. október 2009.

2. grein
Launataxtar

Mánaðarlaun fyrir dagvinnu allt að 285 þúsund krónur hækka 1. júní 2010 um 6.500 kr. en hækka minna að 310 þúsund krónum sbr. neðangreint. Mánaðarlaun fyrir dagvinnu umfram 310 þúsund eru óbreytt.

1. júní 2010

Launatölur á bilinu	Hækkun
151.156 – 284.999 kr.....	6.500 kr.
285.000 – 289.999 kr.....	5.500 kr.
290.000 – 294.999 kr.....	4.500 kr.
295.000 – 299.999 kr.....	3.500 kr.
300.000 – 304.999 kr.....	2.500 kr.
305.000 – 309.999 kr.....	1.500 kr.

Launatöflur á samningstímanum breytast skv. fylgiskjali.

Þar sem lægstu tölur mánaðarlauna hækka um krónutölu er hlutfallslegt bil milli launaflokka og þrepa ekki með sama hætti og var. Af þessu leiðir að greinar í samningum um hlutfallstölur milli launaflokka og þrepa eiga ekki við.

3. grein
Persónuuppbót

Persónuuppbót í desember verður sem hér segir:

Á árinu 2009	kr. 45.600.
Á árinu 2010	kr. 46.800.

4. grein
Orlofsuppbót

Orlofsuppbót verður sem hér segir:

Á árinu 2010	kr. 25.800.
--------------------	-------------

5. grein
Starfsendurhæfingarsjóður

Í 12. kafla bætist við ný grein, 12.9.2, sem orðist svo:

Iðgjald launagreiðanda í Starfsendurhæfingarsjóð skal nema 0,13% af heildarlaunum félagsmanna.

Nafn greinarinnar 12. 9 verður „Styrktar-, sjúkra- og Starfsendurhæfingarsjóður.“

6. grein
Atkvæðagreiðsla

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann 9. október 2009 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík, 16. september 2009

F.h. samninganefndar ríkisins
með fyrirvara um samþykki
fjármálaráðherra

Guðmundur H. Guðmundsson (sign.)
Ásta Lára Leósdóttir (sign.)
Sverrir Jónsson (sign.)

F.h. Verkstjórasambands Íslands
vegna aðildarfélaga með fyrirvara
um samþykki félagsmanna

Skúli Sigurðsson (sign.)
Kristján Örn. Jónsson (sign.)

S A M K O M U L A G

með samningi undirrituðum 16. september 2009
milli Verkstjórasambands Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

um

VINNUREGLUR

um ávinnslu, töku og fyrningu helgidagafrís

Verkstjórasambands Íslands og fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs gera með sér eftirfarandi samkomulag um vinnureglur um ávinnslu, töku og fyrningu helgidagafrís.

- Ávinnsla miðast við almanaksárið.** Sá stundafjöldi sem tilgreindur er í viðkomandi sammingsgrein, miðast við fulla vinnu allt árið.
Að jafnaði skal miða við að helgidagafrí ávinnist eftir mánaðafjölda í starfi og telst ávinnslan vera 7,33 klst. á mánuði miðað við fullt starf og hlutfallslega fyrir hlutastarf.
 - Veikindi á ávinnslutíma.**
Við ávinnslu helgidagafrís skerða veikindi ekki fríð.
 - Námsleyfi, fæðingar- og foreldraorlof á ávinnslutíma.**
Engin ávinnsla reiknast í launuðum leyfum.
- Taka frísins** miðast við næsta almanaksár eftir ávinnsluár. Á sumarorlofstíma ber að taka sumarorlof á undan öðrum fríum.
 - Veikindi við töku frís.** Um þau skulu gilda sömu reglur og um veikindi í orlofi, þ.e.a.s. að tilkynna skal veikindin eins fljótt og auðið er og staðfesta þau síðan með læknisvottorði. Að öðrum kosti verða þau ekki tekin gild.
- Framlenging töku.** Heimilt skal að framlengja tökutímabil helgidagafrís um allt að tvo mánuði vegna veikinda eða aðstæðna á deild/stofnun. Verði töku frísins ekki lokið innan 14 mánaða, skal greiða eftirstöðvar þess sem hlutfall af mánaðarlaunum 1. apríl ár hvert.
 - Langvarandi veikindi á tökutímabili.**
Ef um langvarandi veikindi á tökutímabili er að ræða, þ.e. í einn mánuð eða lengur, skal tökutímabil lengjast um jafn langan tíma.
 - Fæðingarorlof á tökutímabili.**
Lengja skal tökutímabil fría um allt að jafn löngum tíma og fæðingarorlof stendur.
- Fyrning fría.** Helgidagafrí fyrnist ekki, sbr. 3. tölul. hér á undan.
- Starfslok.** Áunnið ótekið frí er reiknað sem hlutfall af mánaðarlaunum og greitt við starfslok. Semja má um töku slíks frís á uppsagnarfresti ef hægt er að koma því við vegna starfsemi stofnunar. Ekki skal nota ótekin frí til að lengja uppsagnarfrest umfram hina tilskildu þrjá mánuði.
- Yfirlit.** Stofnanir skulu leggja fram yfirlit um ávinnslu og töku fría a.m.k. tvisvar á ári, sem næst febrúar og október ár hvert. Á yfirliti þarf að koma fram hvenær töku frísins skuli lokið, sbr. 3. tölul.

Sameiginleg framkvæmdaáætlun

Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar

og

Verkstjórasamband Íslands f.h. aðildarfélaga

hins vegar

dags. 16.september 2009

Samningsaðilar eru sammála um að vinna sameiginlega að þeim málum sem hér eru tiltekin. Aðilum er ljóst að niðurstaða þeirrar vinnu dregur dóm af stöðu efnahagsmála.

Samningsaðilar mun fylgjast með og taka þátt í starfi með öðrum stéttarfélagum til að samhæfa og fylgja eftir framkvæmdaáætlun þessari eftir því sem við getur átt.

1. Mannauðsmál / Starfsþróun

Ljóst er að núverandi staða ríkissjóðs mun reyna á starfsemi ríkisstofnana, stjórnendur þeirra og starfsmenn. Því er mikilvægt að halda áfram því starfi sem unnið hefur verið á sviði mannauðsstjórnunar.

Aðilar munu leggja áherslu á samstarf til að koma á námskeiðum á sviði mannauðsmála fyrir breiðari hópa en tíðkast hefur. Horft verður til stjórnenda, trúnaðarmanna og fleiri sem koma að mannauðsmálum innan stofnana.

Fjármálaráðuneytið mun ganga eftir að stofnanir hafi virka starfsmannastefnu þar sem fram komi að þær uppfylli lágmarkskröfur um árleg starfsmannasamtöl þar sem starfslýsingar og starfsþróunaráætlanir starfsmanna eru yfirfarnar.

Tilgangurinn er að:

- 1.1. Auka stuðning við starfsmannasamtöl, starfsþróun og starfsþróunaráætlanir.
 - a) Styrkja ráðgjafahlutverk Þróunar- og símenntunarsjóða eða sambærilegra aðila.
 - b) Efla starfsmenn og stjórnendur í markvissari notkun starfsmannasamtala, svo sem gert hefur verið á vegum Þróunar- og símenntunarsjóða eða sambærilegra aðila.
 - c) Aðstoða stofnanir við að koma á starfsþróunaráætlunum.
 - d) Fylgja eftir og kanna árangur og framkvæmd stofnana.
- 1.2. Gera samstarf um sí- og endurmenntun víðtækara.
 - a) Þróa frekar hlutverk Þróunar- og símenntunarsjóða eða sambærilegra aðila .
- 1.3. Halda áfram starfi gegn einelti innan stofnana ríkisins.
 - a) Aðilar munu í víðtæku samráði leita úrræða til að taka á eineltismálum.
- 1.4. Styrkja trúnaðarmenn í breyttu umhverfi.
 - a) Skilgreina kröfur til trúnaðarmanna í breyttu umhverfi.
 - b) Styrkja trúnaðarmenn í starfi með námskeiðum og þjálfun.
- 1.5. Hvetja stofnanir til að gera í starfsmannastefnu sinni grein fyrir meginsjónarmiðum sem gilda við aðstæður sem kunna að skapast hjá starfsfólki vegna veikinda, fráfalls

nákomins aðstandanda og erfiðra sambærilegra tilvika. Stefnt skal að því að ljúka þessari vinnu fyrir 1. júlí 2010.

2. Samningstexti

2.1. Samræming á texta kjarasamninga.

Aðilar munu tilnefna í hóp sem fer yfir texta kjarasamninga með það að markmiði að samræma, einfalda og uppfæra (fella út) texta. Jafnframt að skrifa skýringartexta þar sem þess er þörf.

Hópurinn verði skipaður ekki síðar en í fyrstu viku september og skili drögum eigi síðar en í 3. viku nóvember.

3. Vinnuumhverfi / vaktavinna

Í samstarfi aðila og sérfræðinga verði gerð heildarúttekt á góðum starfsháttum vinnustaða með vaktafyrirkomulag. Þessari úttekt er ætlað að gegna því hlutverki að tryggja heildstæða nálgun hvað varðar skilgreiningar kjarasamninga og laga um stöðu starfsmanna í vaktavinnu. Einnig að leggja fram fræðsluefni (altæka þekkingu) á aðstæðum og heilbrigðissjónarmiðum varðandi vaktavinnufólk og skipulagningu vakta. Skoðaðir verða möguleikar Oracle kerfisins til að gæta þess að góðir starfshættir séu virtir.

Samhæfingar- og stýrihópur verksins tryggi framgang þess og gæti að tímasetningum. Áhersla er lögð á lausnamiðaða nálgun og þau mál sem valda ágreiningi eða auknum kostnaði verði vísað til samningsaðila. Framkvæmd verksins er í höndum faghóps með þátttöku hagsmunaaðila í eftirfarandi áföngum:

Áfangi I: Samningsaðilar munu skilgreina hugtökin vaktavinna og vaktavinnumaður og ljúki því fyrir árslok 2009.

Áfangi II: Líffræðileg áhrif vaktavinnu á starfsfólk og uppsetning vaktavinnukerfa hjá stofnunum. Verður tilbúið í lok janúar 2010.

Áfangi III: Vinnuvistfræði vaktavinnufólks, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum. Unnið í samstarfi með sérfræðingum Vinnueftirlits ríkisins. Ljúki í mars 2010.

Áfangi IV: Í samstarfshópi samningsaðila verði teknar saman reglur og unnið að skilgreiningu um lágmarks starfsmannaástöðu. Lokið fyrir apríl 2010.

Miðað er við að starfinu ljúki með útgáfu handbókar fyrir 1. maí 2010.

4. Slysátryggingar

4.1. Sameiginleg yfirferð yfir tryggingaskilmála á opinberum- og einkamarkaði.

Gerður hefur verið samanburður á skilmálum tryggingafélaga og núgildandi reglum ríkisins frá 1990. Samanburðurinn er í yfirlestri og gert ráð fyrir að leita umsagnar viðkomandi bandalaga áður en endurskoðaðar reglur verða gefnar út.

5. Tölfræði- og upplýsingagjöf

Aðilar eru ásáttir um að hafa samstarf um aðkomu aðila að eftirfarandi samkomulagi ríkisins við aðildarfélög Bandalags starfsmanna ríkis og bæja dagsettu 3. júlí 2009.

5.1. Samstarf við Hagstofu Íslands og ráðgjafarnefnd.

Aðilar eru sammála um að fyrir lok ágúst 2009 verði skipað í ráðgjafarnefnd, sbr. 5. grein samstarfssamnings Hagstofu Íslands og Kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna um launakannanir og aðrar vinnumarkaðsrannsóknir, dags. 11. mars 2009.

Fjármálaráðuneytið mun í samvinnu við Fjársýslu ríkisins og Hagstofuna ljúka vinnu varðandi gagnaskil til Hagstofu Íslands fyrir lok september 2009.

5.2. Samráðshópur samningsaðila um tölfræði og upplýsingagjöf.

Samráðshópur samningsaðila hefur tvískipt hlutverk.

- 1. Til að koma á tengingu launaþróunar milli markaða skal samráðshópurinn auka þekkingu aðila á mælingum Hagstofunnar á launaþróun (launavísitölu) á almennum og opinberum vinnumarkaði og greina uppruna hreyfinga vísitölnnar (ólíkar hækkanir starfsstétta og atvinnugreina). Samráðshópurinn skal fjalla um hvernig hægt er að nýta mælingar Hagstofunnar til að mynda tengingu á launaþróun milli markaða. Þá skal samráðshópurinn vera hlutaðeigandi til ráðgjafar og stuðnings eftir þörfum.*
- 2. Samráðshópurinn skal fjalla um og kerfisbinda fyrirkomulag reglubundinnar upplýsingagjafar ríkis til stéttarféлага, birtingu launaupplýsinga og annarra almennra upplýsingamála.*

6. Fræðsla um ráðningarform og reynslutíma

Aðilar standi að fræðsluátaki fyrir þá sem eru með mannaforráð innan stofnana ríkisins, það er forstöðumenn, mannauðs- og starfsmannastjóra. Leitað verði eftir samvinnu við Umboðsmann Alþingis og samstarf haft við aðila í mannauðsstjórnun á vegum ríkisins.

Fræða þarf stjórnendur stofnana um að ótímabundin ráðning er meginregla sem þarf að fylgja.

Áhersla verði lögð á að reynslutími verði hæfilegur og í samræmi við tilefni og eðli starfs hverju sinni. Mannauðshluti Oracle verði nýttur enn frekar til að tryggja að fram fari starfsmannasamtal á reynslutímabilinu. Tryggt skal að reynslutími sé nýttur á sem faglegastan hátt.

Leitast skal við að koma fræðsluátakinu í farveg fyrir áramót.